Háttvirti herra!

Samkvæmt aðalfundarsamþykt þeirri, sem gjörð var á síðasta þingi, hafa orðið til þess, að hér í bænum hefur myndast all-fjölmennur félagsskapur til að verjast nauðung þeirri, sem lög þessi leggja á alla landsmenn, og ef unnt er, að koma því til leiðar, að þau nái eigi að ganga í gildi. Höfum vér undirskrifaðir verið kosnir í bráðabirgðastjórn þessa félagsskapar, og falið Ing-ólfur verið kosinn, til að flytja skoðanir vorar á þessu máli og halda uppi máls-stað félagsins.

Í því trausti, að þér, háttv. herra, séuð málstað vorum fylgjandi, leyfum vér oss að senda yður ávarp til Íslendinga með nokkrum undirskriftum úr Reykjavík, og biðja yður að safna undirskriftum karla og kvenna undir ávarpið, sem flestum er þér getið náð til, og senda oss þau að því búnu. Ef þér verðið við þessum tilmælum vorum, mælumst vér einnig til, að þér vildud styðja útbreiðslu félags vors með því að útbreiða það í nágrenni yðar og viðar, eftir því sem þér sjáið yður fært.

Ef ávarpi þessu höfum vér sent nokkur eintök:

Reykjavík í júlí 1909.

Einar Helgason. E. P. Júlíus Halldórsson.

Halldór Danielsson. Magnús Einarsson. Matth. Einarsson.

Sigurður Briem. Sig. Thóroddsen.

Áskorun.

Það er nú orðið fullljóst af hálfs þriðja árs reynslu, að lögin um aðflutningsbann á áfengi koma alls ekki að þeim notum, sem til var ætlast af frumkvöðlum þeirra og fylgismönnum.

Þótt áfengisnautn hafi ef til vill minkað eitthvað til sveita, en þar var drykkjuskapur þegar að mestu leyti úr sögunni, þá hefir hann ekki minkað í kaupstöðum og sjávarþorpum, en hefir aftur á móti orðið miklu skaðlegri heilsu manna vegna neyslu allskonar ódrykkja, sem allir vita, að margir leggja sér til munns, þegar hörgull verður á ómenguðu áfengi, og alt eru það sterkustu brendir drykkir, sem til landsins flytjast nú.

Staðhæfing bannmanna um, að það sé bannlögunum að þakka, að efnahagur landsmanna hefir stórum batnað síðustu árin, verður tæplega tekin í alvöru, því öllum er það vitanlegt, að öll hlutlaus lönd hafa alt til þessa stór-efnast á ófriðnum, og svo er hér.

Bannlögin tara í bága við réttarmeðvitund alls þorra landsmanna, og því er það, að þau hafa verið brotin eins alment og raun er á orðin, og eins hitt, að óhugsandi er að þau verði nokkurntíma haldin, svo að í lagi sé.

Þau hafa þegar orðið til þess, að veikja virðingu manna fyrir lögum landsins yfirleitt, enda hafa þau gert menn, svo þúsundum skiftir, að lögbrjótum, jafnvel heiðarlegustu menn, sem aldrei hafa látið sér til hugar koma að brjóta nokkur önnur lög; og þetta á engu síður við um þá menn, sem í orði kveðnu eru með bannlögunum.

Vér teljum það þegar fullreynt nú, að gjörsamlega ómögulegt sé að framfylgja bannlögunum svo, að girt verði fyrir drykkjuskap í landinu, og mun þetta þó sannast enn betur að ófriðnum loknum, er eðlilegar siglingar hefjast á ný.

Vér staðhæfum það ennfremur, að bannlögin séu óþolandi brot á rétti borgaranna til þess að ráða þeim athöfnum sínum, sem ekki koma í bága við réttmæta hagsmuni annara og alment velsæmi.

Vér leyfum oss því að skora fastlega á hina íslenzku þjóð, að hún hlutist til um, að bannlögunum verði sem allrafyrst létt af, og snúi sér að því, að finna aðrar leiðir og henni samboðnari sem frjálsri þjóð, til þess að koma áfengismálinu í sæmilegt horf.

Af þeim tillögum, sem fram hafa komið, virðist oss sú leiðin einna tiltækilegust, að landsjóður hafi einn rétt til innflutnings á vínföngum, taki af þeim hæfilegan toll, og úthluti mönnum vínföngum eftir pöntunum, en að sala þeirra sé að öðru leyti bönnuð, nema þar sem sýslufélag eða kaupstaður tekur að sér sölu, að undangenginni almennri atkvæðagreiðslu (local option).

Í júnímánuði 1917.

I stjórn Andbanningafélagsins.

A. Fjeldsted. *Gunnar Egilson.* *Halldór Þórðarson.*

Jón Kristjánsson. *Jón Brynjólfsson.*

1928
1917
11

28
17
14

Samþykkir framanritaðri áskorun.

A. Claessen, kaupm.
Aug. Flygenring, kaupm.
Arni Pálsson, aðstoðarbókav.
Asmundur Gíslason, prófastur.
Ágúst Bjarnason, prófessor.
D. Bernhöft, bakarameistari.
V. Bernhöft, tannlæknir.
Björn M. Olsen, prófessor.
Bjarni Sæmundsson, Adjunkt.
B. H. Bjarnason, kaupm.
Brynj. Björnsson, tannlæknir.
Bjarnhéðinn Jónsson, járnsmiður.
Carl Berndsen, kaupm., Hólanesi.
G. Böðvarsson, kaupm.
Gunnl. Claessen, læknir.
V. Claessen, landsféhirðir.
Eggert Briem, frá Viðey.
Einar Finnbogason, fiskimatsmaður.
Eggert Briem, yfirdómari.
Eggert Claessen, yfirréttarmálafl.maður.
Einar Helgason, garðyrkjufr.
Eiríkur Briem, prófessor.
Friðgeir Hallgrímsson, kaupm., Eskifirði.
Guðm. Finnbogason, dr. phil., docent.
Guðm. Hlíðdal, verkfræðingur.
Guðm. Bergsson, póstm., Ísafirði.
Guðm. Kristjánsson, framkv.stj.
G. Olsen, kaupm.
G. Sveinbjörnsson, skrifstofustj.
Garðar Gíslason, stórkaupmaður.
Gísli Ísleifsson, aðstoðarmaður.
Guðjón Guðlaugsson, kaupfél.stj., alþm.
H. Hafstein, bankastj., alþm.
Hannes Þorsteinsson, skjalavörður.
Halldór Daníelsson, yfirdómari.
Jakob Havsteen, umboðssali.
Jón Kristjánsson, læknir.
Jón Laxdal, stórkaupm.
Jón Sigurðsson frá Kallaðarnesi.
Jes Zimsen, kaupm.
Jón Þórarinsson, fræðslumálastj.
Jón Þorkelsson, þjóðskjalavörður,
Jón Jacobson, landsbókavörður.
Jóhann Þorsteinsson, præp. hon.
Jón Jónsson frá Vaðnesi, kaupm.
Ingvar Þorsteinsson, bókbindari.
Jón Jónsson, prófastur, Stafaf.
Ingibjörg Brands, leikfimiskennari
Thor Jensen, kaupm.
Kristján Ásgeirsson, verzlunarstjóri, Flatey.
Kristján Jónsson, háyfirdómari.
Kristín V. Jacobson, frú.
Klemens Jónsson, landritari.
Magnús Benjamínsson, úrsmiður.
Magnús Einarsson, dýralæknir.
Magnús Pjetursson, héraðsl., þingm.
Matth. Einarsson, læknir.
Matth. Jochumsson, skáld.
Methusalem Stefánsson, búnaðarskólastjóri.
M. Júl. Magnús, læknir.
Jóh. Nordal, ísnússtjóri.
Ó. Benjamínsson, kaupm.
O. Friðgeirsson, ræðismaður.
Ole P. Blöndal, póstafgreiðslum.
O. G. Eyjólfsson, stórkaupm.
Ólafur Þorsteinsson, læknir.
Ólafur Amundason, kaupm.
Ólafur Daníelsson, Dr. phil., kennari.
Ólafur Thors, framkvæmdarstjóri.
Ólafur Þorsteinsson, verkfræðingur.
Páll H. Gíslason, kaupm.
Páll Ólafsson, bóndi, Heiði.
Pálmi Pálsson, yfirkennari.
Pétur Jónsson, kaupfélagsstj., alþm.
Pétur Pétursson, kaupm., Oddeyri.
C. Proppé, kaupm.
Páll Magnússon, járnsmiður.
P. J. Halldórsson, læknir.
Ragnar Ólafsson, ræðism., Oddeyri.
Richard Thors, framkvæmdarstj.
Sig. Briem, póstmeistari,
Sighv. Bjarnason, bankastjóri.
Sigurður Lýðsson, cand. jur.
Snorri Jóhannsson, kaupmaður.
Sigurgeir Einarsson, kaupmaður.
Sigurj. Jóhannsson, bæjarfulltrúi, Seyðisfirði.
Sigurður Kristjánsson, bóksali.
Sig. Guðmundsson, magister.
Sig. Thoroddsen, adjunkt.
Sigurður Þórðarson frá Arnarholti, sýslum.
Stefán Th. Jónsson, ræðism., Seyðisfirði.
Stefán Stefánsson, skólameistari.
P. J. Thorsteinsson, kaupmaður.
A. V. Tulinius, yfirréttamálaflutningsm.
Th. Thorsteinsson, kaupmaður.
Vilh. Finsen, ritstjóri.
Þorleifur H. Bjarnason, adjunkt.
Þórunn Jónassen, ekkjufrú.
Þór. B. Þorláksson, listmálari.
C. Zimsen, ræðismaður.

Ávarp til Íslendinga.

ALÞINGI Íslendinga hefir nú í fyrsta sinn í þingsögu sinni stígið það spor, er teljast verður veruleg skerðing á almennum mannréttindum, með því að samþykkja lög um algjört bann gegn aðflutningi, sölu og nautn áfengra drykkja. Er talið víst, að lög þessi muni öðlast staðfestingu og yrði það þá einsdæmi í löggjöf allra siðaðra þjóða.

Lagasmíð þessari leyfum vér oss að mótmæla.

Vér lítum svo á sem þetta séu nauðungarlög, er geti orðið til háðungar og hnekkis fyrir landið; til háðungar fyrir það, að farið er með þjóð vora eins og hún væri óviti og þyrfti að sjá henni farborða með nauðung og banni; til hnekkis fyrir það, að landið fyrir þá sök kann að verða svift hagkvæmum verzlunarsamningum við önnur lönd.

Vér teljum það skerðingu á persónulegu frelsi manna að setja lagabann um það, er að eins varðar hegðun einstaklingsins, enda hafa löggjafarþing allra þjóða gætt þessarar reglu í löggjöf sinni, undantekningarlaust að kalla.

Vér teljum bannlög þessi ennfremur niðurdrep á allri heilbrigðri bindindisstarfsemi, þar sem þjóðinni með þeim er ekki kent, heldur nauðgað til þess að afneita áfenginu.

Og loks hyggjum vér, að lög þessi verði siðspillandi í framkvæmdinni, að þau muni reynast oss eins og lík lög hafa reynst annarsstaðar, þótt skemra hafi farið, leiða til lagabrota, verzlunarsvika, rógburðar og hræsni og auk þess deyfa ábyrgðartilfinningu einstaklingsins.

Það er sannfæring vor, að frelsið og sjálfsaginn sé hollasta og öruggasta leiðin að menningartakmarki þjóðfélagsins jafnt og einstaklingsins, en að nauðung og helsi sé niðurdrep á allri heilbrigðri þróun og menningu.

Fyrir því skorum vér á alla góða og frjálshuga menn og konur í landi voru að ganga í allsherjarsamband til verndar persónulegu frelsi og mannréttindum gegn þessari og annari nauðung og árásum á alment mannfrelsi.

Félagsskapur þessi er skipaður mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum landsins og lætur því ekki flokksmál þeirra til sín taka; en tilgangur hans er í fám orðum þessi:

1. Að vinna á móti hverskonar nauðung og skerðingu á almennum mannréttindum.
2. Að vinna að því, að lögin um aðflutningsbann á áfengi eigi sér sem skemstan aldur.
3. Að efla bindindi og hófsemi með öllum þeim ráðum, sem mannfrelsinu eru samboðin, svo sem frjálsum bindindissamtökum og fræðslu um skaðvæni ofdrykkjunnar.
4. Að vinna að frjálsri menningu í öllum greinum og stuðla að því að efla andlega og líkamlega heilbrigði þjóðarinnar með sjálfsstjórn og sjálfsaga. Viljum vér því velja oss aðorðtaki:

Sjálfur leið þú sjálfan þig!

..... í .....mán. 19.....

Félagsprentsmiðjan — 1909.

Nöfn:	Staða:	Heimili:

Ávarp til Íslendinga.

Alþingi Íslendinga hefir nú í fyrsta sinn í þingsögu sinni stígið það spor, er teljast verður veruleg skerðing á almennum mannréttindum, með því að samþykkja lög um algjört bann gegn aðflutningi, sölu og nautn áfengra drykkja. Er talið víst, að lög þessi muni öðlast staðfestingu og yrði það þá einsdæmi í löggjöf allra siðaðra þjóða.

Lagasmíð þessari leyfum vér oss að mótmæla.

Vér lítum svo á sem þetta séu nauðungarlög, er geti orðið til háðungar og hnekkis fyrir landið; til háðungar fyrir það, að farið er með þjóð vora eins og hún væri óviti og þyrfti að sjá henni farborða með nauðung og banni; til hnekkis fyrir það, að landið fyrir þá sök kann að verða svift hagkvæmum verzlunarsamningum við önnur lönd.

Vér teljum það skerðingu á persónulegu frelsi manna að setja lagabann um það, er að eins varðar hegðun einstaklingsins, enda hafa löggjafarþing allra þjóða gætt þessarar reglu í löggjöf sinni, undantekningarlaust að kalla.

Vér teljum bannlög þessi ennfremur niðurdrep á allri heilbrigðri bindindisstarfsemi, þar sem þjóðinni með þeim er ekki kent, heldur nauðgað til þess að afneita áfenginu.

Og loks hyggjum vér, að lög þessi verði siðspillandi í framkvæmdinni, að þau muni reynast oss eins og lík lög hafa reynst annarsstaðar, þótt skemra hafi farið, leiða til lagabrota, verzlunarsvika, rógburðar og hræsni og auk þess deyfa ábyrgðartilfinningu einstaklingsins.

Það er sannfæring vor, að frelsið og sjálfsaginn sé hollasta og öruggasta leiðin að menningartakmarki þjóðfélagsins jafnt og einstaklingsins, en að nauðung og helsi sé niðurdrep á allri heilbrigðri þróun og menningu.

Fyrir því skorum vér á alla góða og frjálshuga menn og konur í landi voru að ganga í allsherjarsamband til verndar persónulegu frelsi og mannréttindum gegn þessari og annari nauðung og árásum á alment mannfrelsi.

Félagsskapur þessi er skipaður mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum landsins og lætur því ekki flokksmál þeirra til sín taka; en tilgangur hans er í fám orðum þessi:

1. Að vinna á móti hverskonar nauðung og skerðingu á almennum mannréttindum.
2. Að vinna að því, að lögin um aðflutningsbann á áfengi eigi sér sem skemstan aldur.
3. Að efla bindindi og hófsemi með öllum þeim ráðum, sem mannfrelsinu eru samboðin, svo sem frjálsum bindindissamtökum og fræðslu um skaðvæni ofdrykkjunnar.
4. Að vinna að frjálsri menningu í öllum greinum og stuðla að því að efla andlega og líkamlega heilbrigði þjóðarinnar með sjálfsstjórn og sjálfsaga. Viljum vér því velja oss að orðtaki:

Sjálfur leið þú sjálfan þig!

Reykjavík í maí mánuði 1909.

Ágúst Bjarnason, mag. art. Árni Gíslason, verzlunarm. Árni Sighvatsson, verzlunarm. V. Bernhöft, tannlæknir. Bjarni Valdason, tómthúsmaður. Bjarni Sæmundsson, adjunkt. Björn M. Ólsen, dr. phil. Björn Þorsteinsson, skósmiður. Björn Pálsson, stud. jur. O. P. Blöndal, póstmaður. Brynjólfur H. Bjarnason, kaupmaður. Brynjólfur Björnsson, tannlæknir. Böðvar Kristjánsson kand. mag. Eggert Claessen, yfirréttarmálaflutningsm. V. Claessen, landsjóðsgjaldk. Edilon Grímsson, skipstj. Eggert Briem, skrifstofustj. Guðm. Eggerz, sýslum, Stykkish. Einar Árnason, kaupm. Einar P. Jónsson, skrifari. Einar Helgason, garðyrkjum. Einar Magnússon, tómthúsm. Einar J. Pálsson, trésmiður. Einar Sigurðsson, prentari. Carl Frederiksen bakarameistari. O. Forberg landsímastj. Geir Zoëga, kaupm. Gestur Árnason, prentari. Grímólfur Ólafsson, ritstjóri. Guðbrandur Jónsson, aðstoðarmaður. Guðjón Sigurðsson, úrsmiður. Guðmundur Benediktsson, bankaskrifari. Guðm. T. Hallgrímsson, læknir. Guðm. Magnússon, læknir, Guðm. Sigurðsson, klæðskeri. Guðm. Zophoníasson, stud. med. vetr. Halberg I. G., kaupmaður. Halldór Daníelsson, yfirdómari. Halldór Gunnlaugsson, bókhaldari. Halldór Sigurðsson, trésmiður. Halldór Þórðarson bókbindari. Hallgrímur Benediktsson, prentari. Hannes Hafstein, bankastjóri. J, Havsteen, fyrv. amtmaður. J. Havsteen, bókhaldari. Hjálmar Þorsteinsson, trésmiður. Hjalti Jónsson, skipstj. Jakob Árnason, húseigandi. Jóhannes Stefánsson, verzlunarstjóri, Hvammstanga. Jón Árnason, kaupm. Jón Brynjólfsson, leðursali. Jón Brynjólfsson, málari. Jón Gíslason, verzlunarm. Jón Jakobsson, landsbókaavörður. Jón Jensson, yfirdómari. Jón Jónsson, alþingismaður. Jón Oddsson, skósmiður. Jón P. Þorsteinsson, verzlunarmaður. Jónas Guðlaugsson, ritstj. Jónas Jónassen, fyrv. landlæknir. Júlíus Halldórsson, læknir. Júlíus Schou, steinsmiður. Kjartan Ólafsson, steinsmiður. Konráð Stefánsson, kand. phil, Th. Krabbe, verkfræðingur. Kristján Þorgrímsson, konsúll. Jens Lange, málari. R. P. Levi, verzlunarm. Lúðvík Hafliðason, kaupm. L. E. Sveinbjörnsson, fv. háyfirdómari. Magnús Benjamínsson, kaupmaður. Magnús Einarsson, dýralæknir. Magnús Magnússon, járnsmiður. Matthías Einarsson, læknir. Ólafur Árnason, framkvæmdarstjóri. Ólafur Árnason, verzlunarm. Ólafur Sveinsson, gullsmiður. Ólafur Þorkelsson, verzlunarm. Pálmi Pálsson, adjunkt, Petersen A. L., verkfræðingur. Philipsen A., fulltrúi. Siggeir Torfason, kaupmaður. Sigurður Briem, póstmeistari. Sigurður Jónsson, járnsmiður. Sigurður Lýðsson, stud. juris Sigurður Magnússon, læknir. Sigurður Sigurðsson, stud. juris. Sigurður Thoroddsen, adjunkt. Sigurgeir Einarsson, verzlunarm. Sigurjón Markússon, kand. jur. Smith P., landsímaverkfr. Snorri Jóhannsson, bókhaldari. Snæbjörn Þorvaldsson, student. S. Steen, fulltrúi. Stefán Eiríksson, myndskeri. Steingrímur Jónsson, sýslum. Húsavík. Steingrímur Thorsteinsson, rektor. Sveinn Jónsson, kaupm. Thor Jensen, kaupm. Vilhjálmur Kr. Jakobsson, skósm. Vilhjálmur Sveinsson, prentari. Vilhelm Jónsson, verzlunarm. Þórarinn B Þorláksson, málari. Þórður Jónsson, úrsmiður. Þórður Thorsteinsson, verzlunarmaður.

Aths. Þeir eiga heima í Reykjavík, sem heimili ekki er tilgreint við.

Félagsprentsmiðjan — 1909.